

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við slit  
árlegrar líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnu 3. júní 2021 kl. 16.45**

Heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, kæra samstarfsfólk, aðrir ráðstefnugestir.

Það er mér heiður og ánægja að mega segja fáein orð hér undir lok þessarar líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnu Háskóla Íslands sem skipulögð er af Heilbrigðisvísindasviði skólans og er nú haldin í 20. sinn.

Þessi glæsilega ráðstefna er stærsta ráðstefnan helguð rannsóknum á sviði líf- og heilbrigðisvísinda á Íslandi og um leið uppskeruhátíð rannsóknastarfs þar sem saman koma allir helstu vísindamenn landsins á þessu fræðasviði. Síðustu tvo daga hafa verið haldnar í streymi og hér á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu hvorki meira né minna en um 250 kynningar á rannsóknum á flestum fræðasviðum líf- og heilbrigðisvísinda, ýmist í málstofum, örfyrirlestrum, gestafyrirlestrum, gestamálstofum og opnum fyrirlestrum fyrir almenning, auk verðlaunaafhendinga sem fram fara hér á eftir. Dagskráin hefur verið afar áhugaverð og spennandi og endurspeglar hún þá miklu grósku sem er í rannsóknastarfi á sviði líf- og heilbrigðisvísinda á Íslandi. Og þátttakan hefur ekki látið á sér standa

Því í ár tóku hátt í 1.000 manns með einum eða öðrum hætti þátt í ráðstefnunni. Ég óska ykkur innilega til hamingju.

Heilbrigðisvísindi hafa sannarlega verið í brennidepli á Íslandi undanfarið ár. Segja má að þegar COVID-19 heimsfaraldurinn barst hingað til lands snemma á síðasta ári hafi nánast allt heilbrigðisstarfsfólk hér á landi lent í allsherjar útkalli – útkalli sem hefur varað nánast sleitulaust í meira en heilt ár. Við Háskóla Íslands var öll kennsla færð yfir á netið nánast yfir nótt og þótt þetta hafi heilt yfir gengið ótrúlega vel miðað við aðstæður hefur það sannarlega reynt á þolrifin í kennurum jafnt sem nemendum. Sérstök áskorun var að halda úti klínísku námi við slíkar aðstæður. Þetta hefði aldrei verið mögulegt nema vegna þess frábæra mannauðs sem Háskóli Íslands býr yfir. Fyrir allt þetta ber að þakka – og fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég færa þakkir öllum þeim stóra hópi sem með einum eða öðrum hætti lagði lóð sitt á vogarskálarnar til að hemja útbreiðslu faraldursins eins og framast var unnt og til að standa á sama tíma vörð um þær ríku kröfur sem við gerum til gæða náms og kennslu. Ég vil á þessari stundu segja að þið hafið unnið afrek sem eftir er tekið bæði hér innanlands og um allan heim. Þetta hefði aldrei tekist nema á grundvelli góðrar menntunar, fagmennsku, samheldni og samstöðu.

Góðir gestir. Það eru bjartir tímar framundan fyrir líf- og heilbrigðisvísindi hér á landi því í þessari viku verður auglýst forval fyrir nýtt heilbrigðisvísindahús Háskóla Íslands í tengslum við Landspítalann. Í kjölfarið verða valdir hönnunarhópar og þeim gefinn kostur á að hanna húsið og bjóða í verkið. Endurskoðun þarfagreiningar er lokið og verið er að skoða fjármögnun á um 8.400 m<sup>2</sup> nýbyggingu ásamt umtalsverðum endurbótum á Læknagarði. Miðað er við að hönnun hefjist seint í haust og standi yfir af fullum krafti allt næsta ár þannig að framkvæmdir við nýbygginguna geti hafist í ársbyrjun 2023. Áætluð verklok eru árið 2026. Jafnframt verður unnið að endurbótum og hönnun vegna Læknagarðs sem áformað er að hefjist 2024 og ljúki 2027. Samtals er hér um að ræða framkvæmd upp á 11 milljarða króna á tímabilinu 2021-2027. Vel skal vanda það sem lengi skal standa og verður nýja húsnaðið fyrir heilbrigðisvísindi við Háskóla Íslands mesta aðstöðubót fyrir fræðasviðið í 110 ára sögu Háskóla Íslands.

Ég vil að endingu geta þess að fyrr í dag samþykkti háskólaráð á fundi sínum nýja heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2021-2026. Nýja stefnan ber yfirskriftina “Betri háskóli – betra samfélag” og er vegvísir Háskóla Íslands til framtíðar. Meðal þess sem lögð er áhersla á í stefnunni er aukið þverfræðilegt samstarf, alþjóðlegt samstarf,

sjálfbærni og velferð starfsfólks og nemenda. Stefnan verður kynnt opinberlega á ársfundi Háskóla Íslands á næstu dögum og verður honum streymt.

Góðir ráðstefnugestir. Við erum komin að lokum þessarar ráðstefnu – og við sjáum hilla undir lok heimsfaraldursins. Sumarið er framundan og skulum nota næstu vikur og mánuði til að njóta kærkominnar hvíldar og safna kröftum áður en skólastarfið hefst að nýju í haust og við getum vonandi aftur tekið upp eðlilega lífshætti.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til aðstandenda 20. líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnu Háskóla Íslands og óska öllum sem tóku þátt í henni til hamingju með árangurinn.